

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Íslensk réttarskipun

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%) ábyrgðir (25%), ágríp úr réttarfari (25%).

Prófdagur: 31. október 2012 Kl.: 16:00 til 20:00

Próftími alls: Prófblöð 5 vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Fylgiblöð: *Sleppa alveg þegar engin fylgiblöð eru*

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Ritgerð (12,5%)

Í dómi Hæstaréttar 27. ágúst 2012 í máli nr. 562/2012 krafðist L þess að S hf. yrði gert að afhenda upplýsingar um „inn- og úthringingar um fjarskiptamöstur sem nást inn í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum“ á nánar tilteknu tímabili. Í forsendum dóms Hæstaréttar sagði:

„Samkvæmt 80. gr. laga nr. 88/2008 [innsk: lög um meðferð sakamála] er heimilt í þágu rannsóknar sakamáls að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að veita upplýsingar um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, enda sé fullnægt skilyrðum 1. mgr. 83. gr. og 1. mgr. 84. gr. laganna.

Heimild til að afla fjarskiptagagna samkvæmt 80. gr. laga nr. 88/2008 er íþyngjandi rannsóknarúrræði, sem felur í sér undantekningu frá 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Af þeim sökum verður ákvæðið ekki skýrt rýmra en leiðir af texta þess.

Skilyrði þess að heimilt sé að afla umræddra gagna er að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um að tiltekinn sími eða fjarskiptatæki hafi verið notað í tengslum við refsivert afbrot. Er þetta skilyrði að þessu leyti samhljóða skilyrði sem áður var að finna í b. lið 86. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, en um beitingu þess má vísa til dóma í dómasafni réttarins 2001, bls. 1339, 2006, bls. 5758 og 17. nóvember 2008 í máli nr. 613/2008.

Í því máli sem hér er til úrlausnar beinist krafa sóknaraðila ekki að tilteknum síma eða fjarskiptatæki heldur að því að veittar verði upplýsingar um alla farsíma sem hringt var úr eða í um fjarskiptamöstur og náðust inni í Herjólfssdal á tilgreindum tíma. Þar sem krafa sóknaraðila gengur lengra en rúmast innan heimildar 80. gr. laga nr. 88/2008 verður henni hafnað.“

Lýsið með eigin orðum þeim lögskýringarsjónarmiðum sem stuðst er við og hvaða lögskýringarleið um ræðir. Lýsið jafnframt hvaða lögskýringarleið hefði verið um að ræða hefði verið fallist á kröfur sóknaraðilans L.

2. Ritgerð (17,5%)

Lýsið hugtakinu réttarheimild og gerið grein fyrir helstu réttarheimildum íslensks réttar, þ.á m. innbyrðis rétthæð þeirra og samspili. Reifið dóma, einkum m.t.t. innbyrðis rétthæðar settra laga (grundvallarlaga, almennra laga og stjórnvaldsfyrirmæla).

3. Krossar (4,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hvor spurning um sig gildir 2%
- (ii) Dregið er 0,67% fyrir rangt svar.
- (iii) Sé spurningu ekki svarað eru gefin 0 stig.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki er réttur.

1. Í **Hrd. 1996:2956** (Samherji) sagði: „Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um, að atvinnufrelsi verði ekki skert nema með lagaboði, verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdavaldshöfum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg.“

Hvaða ályktun verður dregin af dómnum:

- (i) Að það megi aldrei kveða á um skerðingu stjórnarskrárvarinna réttinda með stjórnvaldsfyrirmælum.()
- (ii) Að heimilt sé að kveða á um skerðingu stjórnarskrárvarinna réttinda með stjórnvaldsfyrirmælum en aðeins að því gættu að hin almennu lög, sem stjórnvaldsfyrirmælin eru sett með stoð í, uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur.()
- (iii) Að framsal lagasetningarvalds sé með öllu óheimilt að íslenskum rétti.()
- (iv) Að stjórnvaldsfyrirmæli geta, að vissum skilyrðum fullnægðum, gengið framár stjórnarskrá.()

2. A seldi barnabörnum sínum jörð. Sveitarfélag krafðist þess að fá að neyta forkaupsréttar síns. Samkvæmt lögum um forkaupsrétt leiguliða og hreppsfélaga á jarðeignum nr. 16/1926, varð forkaupsréttur ekki virkur er eigandi seldi jörðina barni sínu, kjörbarni, fósturbarni, systkini eða foreldri. Í greinargerð með lögunum kom fram sú athugasemd, að þetta væri gert til þess að koma í veg fyrir að jarðir færu úr ættum vegna forkaupsréttarákvæða. Í **Hrd. 1942:153** (forkaupsréttur að jörð) sagði meðal annars: „Aðiljar þeir sumir, sem í 3. gr. laga þessara greinir og nefndir voru, sýnast standa eiganda og seljanda jarðar sýnu fírr en barnabörn hans, og þykir því mega skýra orðin „barni sínu“ í greininni svo rúmt, að það taki einnig yfir barnabörn hans.“

Hvaða ályktun verður dregin af dómnum:

- (i) Að hlutrænar lögskýringarkenningar séu alls ráðandi að íslenskum rétti.
- (ii) Að undirbúningsgögn með lagasetningu geta haft þýðingu við lögskýringu.

- (iii) Að almenn textaskýring (orðskýring) sé greinilega hverfandi að íslenskum rétti.
- (iv) Að markmiðsskýring hefur takmarkaða þýðingu sem lögskýringarsjónarmið

4. Tengingar (6%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1,5%.
- (ii) Dregið er frá 0,65% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja jafngildir það rangri tengingu.
- (iv) Aðeins ein tenging er rétt.

Forgangsáhrif	EES-réttur
Tvíeðliskenningin	Reglugerðir
Bein réttaráhrif	EB-réttur
Skaðabótaréttur	„Erlu Maríu-málið“

5. Krossar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Réttarheimildaleg staða EB-reglna að íslenskum landsrétti er sú sama líkt og ef Ísland væri aðili að Evrópusambandinu.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Ólögfestir þjóðréttarsamningar eru ekki taldir hafa neina þýðingu að íslenskum rétti við lögskýringu, sbr. tvíeðliskenninguna.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Reglur stjórnsýsluréttar gilda gagnvart öllum handhöfum ríkisvalds, þ.á m. við lagasetningu.

- ☐ Rétt

☐ Rangt

4. Í reglunni um þingræði felst að ríkisstjórn þarf stuðning meirihluta Alþingis.

☐ Rétt

☐ Rangt

5. Í lögjöfnun felst að lagaákvæði er útvíkkað, það látið ná yfir hið ólögákveðna tilvik og dæmt eftir lagaákvæðinu sjálfu.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Ef almenn lög ná efnislega yfir tiltekið tilvik þá er undantekningarlaust byggt á þeim sem réttarheimild.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Ef lögmætisreglan væri ekki talin gilda væri slíkt til þess fallið að brjóta gegn grunnhugmyndum um þrískiptingu ríkisvalds.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Á lögskýringar reynir við beitingu allra réttarheimilda.

☐ Rétt

☐ Rangt

9. Við ákvörðun refsinga geta dómstólar verið bundnir af meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar.

☐ Rétt

☐ Rangt

10. Hæfisreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er ætlað að tryggja að ákvarðanir stjórnarsýslunnar um réttindi og skyldur einstaklinga séu eingöngu teknar af aðilum sem hafa nægjanlega sérþekkingu á því sviði sem um ræðir.

☐ Rétt

☐ Rangt